

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Hvolsvallar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. ágúst 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvolsvallar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvolhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Hvolsvelli, sem staðfestur var af ráðuneytinu 9. maí 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 419

25. september 1984

SAMÞYKKT**um forkaupsrétt Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu að lóðum og öðrum fasteignum innan hreppsins.**

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps samþykkt að áskilja Rangárvallahreppi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan hreppsins.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 420

19. september 1984

SAMÞYKKT**um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins.**

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 hefur hreppsnefnd Þingeyrarhrepps samþykkt að áskilja Þingeyrarhreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.